

Alþingi  
Fjárlaganefnd  
B.t. Stefáns Vagns Stefánssonar, formanns

Reykjavík 24. nóvember 2023  
Sent í tölvupósti

### **Efni: Beiðni um stuðning stjórnvalda við starfsemi Samtaka þörungafélaga á Íslandi**

Samtök þörungafélaga (sjá [www.algaeiceland.is](http://www.algaeiceland.is)) voru stofnuð þann 27. október 2022 og hafa í dag á að skipa vel á fjórða tug aðildafélaga. Tilgangur samtakanna í samræmi við samþykktir félagsins er að: „styðja við þekkingamiðlun og að gæta hagsmuna aðila félagsins sem stunda ræktun, sjálfbæra öflun, rannsóknir, vinnslu, vöruþróun, fræðslu, nýsköpun og sölu afurða tengda þörungum á Íslandi“.

#### **Stór- og smáþörungar**

Þörungar skiptast í tvo flokka; annars vegar stórþörungum sem eru þang og þari sem veidd eru á sjálfbæran hátt eða ræktuð og hins vegar smáþörungum þar sem Ísland hefur þegar skipað sér í sérstöðu á heimsvísu vegna nýtingar jarðvarma og grænnar orku við ræktun.



Heildarframleiðsla þörungum á heimsvísu samkvæmt

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) er um 36 milljónir tonna af stórþara og um 100 þúsund tonn af smáþörungum. Þörungaaafurðir eru nýttar í fjölda vara svo sem íblöndunarefni í matvæli, fæðubótarefni, dýrafóður, áburð, snyrtivörur, plast, pappa, efnavöru og margt fleira. Þannig felast í sjálfbærri öflun og þörungaræktun gríðarlegir möguleikar til nýsköpunar.

Í þörungaframleiðslu er Kína er langstærst ásamt öðrum Asíulöndum en Kanada og Bandaríkin hafa verið að sækja í sig veðrið. Í Evrópu er einnig aukning í þörungaframleiðslu og áætlað að hún vaxi um rúmlega 7 milljónir tonna á næstu sjö árum<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> [https://www.seaweedeurope.com/wp-content/uploads/2020/10/Seaweed\\_for\\_Europe-Hidden\\_Champion\\_of\\_the\\_ocean-Report.pdf](https://www.seaweedeurope.com/wp-content/uploads/2020/10/Seaweed_for_Europe-Hidden_Champion_of_the_ocean-Report.pdf)

### Umhverfismál og nýsköpun

Sjálfbær öflun og ræktun þörungna er einstaklega umhverfisvænn iðnaður sem stuðlar að bindingu kolefnis, bæði með framleiðslu á þörungunum sjálfum en einnig með afleiddum vörum. Ef fram heldur sem horfir er áætlað að þörungafframleiðsla í Evrópu stuðli að minnkuðu kolefnisspori um meira en 5 milljónir tonna, bindingu á um 20 þúsund tonnum af kolefni og 2 þúsund tonnum af fosfór árlega. Þörungarnir sjálfir binda rúmlega 20 sinnum meira magn af kolefni en sambærilegt jarðnæði skóga á landi og afurðir þörungaræktunar eru vel til þess fallnar að minnka kolefnisspor annars iðnaðar. Evrópusambandið lagði inn bókun í kjölfar COP27 til þess að benda á mikilvægi eflingar þörungafframleiðslu til þess að stuðla að sjálfbærum heilsusamlegri matvælaframleiðslu, lækun kolefnisþors með bindingu CO<sub>2</sub> og bættum gæða vatns og sjávar.<sup>2</sup>

Tilgangurinn með stofnun Samtaka þörungafélaga var að stefna saman þeim félögum sem afla, vinna og rækta þörungna með sjálfbærum hætti á Íslandi, í þeim tilgangi að styrkja stoðir greinarinnar hér á landi til framtíðar. Svo sem fram kemur í skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi<sup>3</sup> er í nýjum drögum að stefnu í lagareldi<sup>4</sup> spáð miklum og örurum vexti í greininni hér á landi á komandi árum. Hið sama má sjá í greiningu Alþjóðabankans (e. World Bank), sem spáir margföldun í fjárhagslegri veltu félaga á þörungasviðinu á komandi árum<sup>5</sup>.

### Þekkingamiðlun, rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Samtök þörungafélaga leggja höfuðáherslu á að ef vel á takast til þarf að treysta stoðir greinarinnar hér á landi í víðum skilningi, og tilgangur og markmiðið með stofnun samtakanna er einmitt það. Samtök þörungafélaga voru samþykkt sem aðili að EABA (sjá : <https://www.eaba-association.org/en> ), Þörungasamtökum Evrópu (e. European Algae Biomass Association), sem eru langstærstu félagasamtök í Evrópu og telja aðildarfélög þeirra yfir 200. Á þeim vettvangi hafa Samtök þörungafélaga tengingar við og aðgang að yfirgripsmikilli sérþekkingu á þörungasviðinu sem hagnýta má til farsæls framgangs þörungatengdrar starfsemi hér á landi.

Mikil þörf er á að styrkja bakland þörungafélaga á Íslandi með gerð fræðsluefnis, námskeiðahaldi, þátttöku í ráðstefnum og alþjóðlegum samtökum eins og EABA, ásamt því að greina með ítarlegum hætti stöðu og stefnu hér á landi fyrir smá- og stórþörungna.

<sup>2</sup> [https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip\\_22\\_6899](https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip_22_6899)

<sup>3</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Sta%C3%B0a%20og%20fram%C3%AD%C3%B0%20lagareldis%20%C3%A1%20%C3%8Dslandi.pdf>

<sup>4</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Uppbygging%20og%20umgjord\\_lagareldis\\_.pdf?design=DesignPageItems](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Uppbygging%20og%20umgjord_lagareldis_.pdf?design=DesignPageItems)

<sup>5</sup> <https://openknowledge.worldbank.org/entities/publication/4ac8c40c-cc4d-4f38-90a9-01b7bbaad3eb>

Jafnframt er þörf á rannsóknum og samræminu aðgerða milli aðildarfélaga og hagaðila á þörungasviðinu hérlendis og tengingu við alþjóðlegt starf á þessu sviði. Þá þarf einnig að sækja þekkingu til þeirra landa sem lengra eru á veg komin í þörungarækt og -vinnslu, sem krefst ferðalaga og sóknar í fræðslu og þekkingu á erlendri grundu.

Dagana 30-31. ágúst 2023 var, að undirlagi Samtaka þörungafélaga, í fyrsta sinn haldin alþjóðleg ráðstefna um stór- og smáþörungum hér á landi. Bar hún yfirskriftina Arctic Algae (sjá [www.arcticalgae.is](http://www.arcticalgae.is)) og ráðstefnuna sótti fjöldinn allur af hagaðilum og áhugafólki um þörungum. Þrátt fyrir frábæra aðsókn og framkvæmd sem heppnaðist framfar öllum vonum varð niðurstaðan sú að ráðstefnan stóð ekki undir sér fjárhagslega. Fjöldinn allur af þeim sem ráðstefnuna sóttu hafa undanfarið kallað eftir því að hún verði haldin aftur að ári, en það er hægara sagt en gert þar sem flest ef ekki öll aðildarfélög Samtaka þörungafélaga eru ung félög í uppbyggingarfasa og hafa ekki fjárhagslega burði til þess að standa undir þeim kostnaði ef enginn stuðningur fæst.

Samtökin munu hvetja til og styðja við nýsköpun í ræktun, öflun, vinnslu og meðferð þörungum hér á landi, standa fyrir námskeiðum og viðburðum sem byggja munu undir greinina og stuðla að þekkingarauka á þörungasviðinu. Unnið verður að því að tryggja fræðilegan og hagnýtan þekkingargrunn á sviði þörungum í víðum skilningi, svo greinin geti blómstrað með tilheyrandi virðisaukningu fyrir íslenskt samfélag.

Á grundvelli þess sem að framan er rakið er því hér með formlega óskað eftir fjárstuðningi hins opinbera við starf Samtaka þörungafélaga. Brýn þörf er á að treysta stoðir greinarinnar ef vel á að takast við uppbyggingu hennar til framtíðar. Er við það miðað að eitt stöðugildi þurfi til að halda um alla þræði í starfsemi félagsins. Sótt verður um styrkveitingar til innlendra og erlendra samkeppnissjóða til að fjármagna vöxt félagsins en engu að síður er ljóst að nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til uppbyggingu grunninnviða til starfsemi félagsins á upphafsstigum þess.

## Fimm ára rekstraráætlun Samtaka þörungafélaga:

Tekjur	Forsenda	2024	2025	2026	2027	2028
Félagsgjöld (12 þ.kr./aðild)	12 þ.kr./aðild	432.000	640.000	810.000	900.000	900.000
Fræðslunámskeið	1 per önn	240.000	240.000	240.000	240.000	240.000
Fjárlög + aðrir styrkir	15 M. kr./ár	20.000.000	20.000.000	20.000.000	20.000.000	20.000.000
<b>Samtals</b>		<b>20.672.000</b>	<b>20.880.000</b>	<b>21.050.000</b>	<b>21.140.000</b>	<b>21.140.000</b>

  

Kostnaður	Forsenda	2024	2025	2026	2027	2028
Laun og launatengd gjöld	1070 þ.kr./mán	12.840.000	12.840.000	12.840.000	12.840.000	12.840.000
Skrifstofukostnaður og þáttt. leigu	200 þ.kr./mán	2.400.000	2.400.000	2.400.000	2.400.000	2.400.000
Þátttaka í ráðstefnum (Arctic Algae, EABA)	Ísland/Evrópa	3.600.000	3.800.000	4.000.000	4.100.000	4.100.000
Gerð fræðsluefnis og námskeiðahald		600.000	600.000	600.000	600.000	600.000
Aðkeypt vegna hönnunar, fjöl- og samfélagsmiðla		1.200.000	1.200.000	1.200.000	1.200.000	1.200.000
<b>Samtals</b>		<b>20.640.000</b>	<b>20.840.000</b>	<b>21.040.000</b>	<b>21.140.000</b>	<b>21.140.000</b>

  

<b>Niðurstaða:</b>	<b>32.000</b>	<b>40.000</b>	<b>10.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
--------------------	---------------	---------------	---------------	----------	----------

Með vísan til framangreinds er því þess hér með óskað að íslensk stjórnvöld komi að rekstri Samtaka þörungafélaga með **árlegu framlagi sem nemur 15 milljónum króna** til að standa straum af launum og tengdum gjöldum eins starfsmanns og gerum væntingar um að ná um 6 milljónum gegnum félagsgjöld, fræðslunámskeið og öðrum styrkjum.

Fyrir hönd Samtaka þörungafélaga,



Sigurður Pétursson, stjórnarformaður